

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2021

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

Efnisyfirlit

	Bls.
Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2021	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra	5
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Innstæðudeild:	
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymi	15
Skýringar	16
Skilasjóður:	
Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Sjóðstreymi	19
Skýringar	20

Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2021

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild, verðbréfadeild og skilasjóði.

Rekstur 2021

	Innstæðudeild	Verðbréfadeild	Skilasjóður
Tekjur			
Iðgjöld aðildarfyrirtækja	2.080.011	1.120	0
Fjármunatekjur (neikvæðar)	(480.130)	2.328	13.845
	<u>1.599.881</u>	<u>3.449</u>	<u>13.845</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	34.824	222	1.202
Þóknun vegna endurskoðunar	3.528	22	122
Annar rekstrarkostnaður	18.007	115	621
Eftirlit og umsýsluþóknun	112.824	0	0
Fjármagnstekjuskattur	158.126	512	3.046
	<u>327.309</u>	<u>871</u>	<u>4.990</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>1.272.572</u>	<u>2.577</u>	<u>8.854</u>

Efnahagur 31.12.2021

	Innstæðudeild	Verðbréfadeild	Skilasjóður
Eignir			
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	388.903	298.288	2.410.078
Aðrar bankainnstæður	131.840	0	0
Skuldabréf	45.994.012	0	0
	<u>46.514.755</u>	<u>298.288</u>	<u>2.410.078</u>
Aðrar eignir			
Kröfur vegna slita fjármálafyrirtækja	81.387	0	0
Kröfur á aðildarfélög	541.779	0	0
Krafa á aðrar deildir	0	32	220
	<u>623.167</u>	<u>32</u>	<u>220</u>
Eignir samtals	<u>47.137.922</u>	<u>298.320</u>	<u>2.410.298</u>
Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur	227.169	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	28.379	8	70
Skuld við aðrar deildir	252	0	0
	<u>255.800</u>	<u>8</u>	<u>70</u>
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun	46.809.550	295.735	1.201.373
Framlag til skilasjóðs frá innstæðudeild	(1.200.000)	0	1.200.000
Afkoma ársins	1.272.572	2.577	8.854
Eigið fé í árslok	<u>46.882.122</u>	<u>298.312</u>	<u>2.410.227</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>47.137.922</u>	<u>298.320</u>	<u>2.410.298</u>

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. TIF starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild, verðbréfadeild og skilasjóði. Einnig er TIF heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Þann 1. september 2020 tóku gildi lög nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Lögin snerta starfsemi TIF með ýmsum hætti en með lögnum var m.a. stofnuð ný deild innan TIF, sem nefnist skilasjóður. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögnum bar að færa framlög í sjóðinn úr innstæðudeild TIF árin 2020 og 2021 að fjárhæð 1,2 milljarðar hvort ár. Síðari greiðslan var þannig innt af hendi frá innstæðudeild til skilasjóðs á árinu. TIF annast ávöxtun fjármuna skilasjóðs á grundvelli laga nr. 70/2020 og samstarfssamnings við Seðlabankann.

Heildareignir innstæðudeildar námu í árslok 47,1 milljörðum króna og eigið fé var 46,9 milljarðar króna. Ávöxtun fjármuna í virkri stýringu var neikvæð um 1,31% á árinu en raunávöxtun þessara fjármuna var neikvæð um 6,09%. Því varð nokkur viðsnúningur í ávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2021 frá því sem hefur verið undanfarin ár. Samningar við eignastýrendur erlendra eigna deildarinnar áttu að renna út um mitt ár 2021, en þeir voru framlengdir fram á mitt ár 2022 og hafa þar af leiðandi sama gildistíma og samningar sjóðsins við eignastýrendur innlendra eigna deildarinnar. Á árinu hófst undirbúningur fyrir fyrirhugað útböð í eignastýringu á eignum innstæðudeildar sem áformað er að fram fari 2022.

Heildareignir verðbréfadeildar skulu að lágmarki nema 100 millj. kr. samkvæmt lögum nr. 98/1999. Eigið fé deildarinnar nam 298 milljónum króna í árslok 2021. Einungis er innheimt iðgjald vegna nýrra aðildarfélaga. Fjármunir verðbréfadeildar eru geymdir á reikningum í Seðlabanka Íslands í íslenskum krónum.

Á árinu 2021 var einn starfsmaður á launum hjá sjóðnum. Gjaldfærð laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 29,9 millj. kr. og launatengd gjöld námu 6,4 millj. kr. Launakostnaður skiptist á deildir í hlutfalli við eigið fé í upphafi árs.

Stjórn TIF og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TIF fyrir árið 2021 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 1. mars 2022

Stjórn:

Lúðvík Örn Steinarsson
Ari Teitsson
Hallgrímur Ásgeirsson
Ólafur Þór Finsen
Stefán Pétursson
Tinna Finnbogadóttir

Framkvæmdastjóri:

Brynjar Kristjánsson

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Dags: 8. mars 2022

Bjarni Benediktsson

Fjármála- og efnahagsráðherra

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta („sjóðurinn“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir allar deildir sjóðsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2021 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans eða enginn annar kostur til staðar en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 1. mars 2022

KPMG ehf.

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur árið 2021

Innstæðudeild

	Skýr.	2021	2020
Tekjur			
Iðgjöld aðildarfyrirtækja	2	2.080.011	2.128.073
Fjármunatekjur (neikvæðar)	3	(480.130)	3.619.243
		<u>1.599.881</u>	<u>5.747.317</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		34.824	34.647
Annar rekstrarkostnaður		21.535	27.201
Eftirlit og umsýsluþóknun	4	112.824	124.218
Fjármagnstekjuskattur	6	158.126	864.246
		<u>327.309</u>	<u>1.050.312</u>
Tekjur umfram gjöld	8	<u><u>1.272.572</u></u>	<u><u>4.697.005</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Innstæðudeild

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	5	388.903	1.075.941
Aðrar bankainnstæður	5	131.840	727.895
Skuldabréf	7	45.994.012	45.184.611
		46.514.755	46.988.446
Aðrar eignir			
Kröfur á aðildarfélög	2	541.779	509.252
Kröfur vegna slita fjármálafyrirtækja	9	81.387	83.520
Kröfur á aðrar deildir		0	924
		623.167	593.696
Eignir samtals		47.137.922	47.582.142
 Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur	6	227.169	763.860
Aðrar skammtímaskuldir		28.379	8.733
Skuld við aðrar deildir		252	0
		255.800	772.592
Eigið fé			
Eigið fé	8	46.882.122	46.809.550
		46.882.122	46.809.550
Eigið fé og skuldir samtals		47.137.922	47.582.142

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

Innstæðudeild

	Skýr.	2021	2020
Tekjur umfram gjöld		1.272.572	4.697.005
Breytingar á eignum	(838.873)	(2.322.068)
Breytingar á skuldum	(516.793)	228.373
Breyting handbærs fjár	(83.093)	2.603.310
Handbært fé í ársbyrjun		1.803.836	400.526
Fært til skilaskjóðs	(1.200.000)	(1.200.000)
Handbært fé í árslok	5	<u>520.743</u>	<u>1.803.836</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsverði og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar, verðbréfadeildar og skilasjóðs hlutfallslega í samræmi við hreina eign hversrar deildar. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega. Þannig ber innstæðudeild að fullu þóknarir vegna eignastýringar og eftirlits með eignastýringu, enda eru eignir verðbréfadeildar og skilasjóðs ekki í stýringu.
- c. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok.

2. Iðgjöld aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 greiða innlánsstofnanir almennt iðgjald til innstæðudeildar og að auki breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Fjárhæð almenns iðgjalds nemur 0,02% á ári af öllum tryggðum innstæðum upp að 10 milljörðum kr. en 0,16% af innstæðum umfram það. Greiðslur til hvers innstæðueiganda geta að hámarki numið jafnvirði 100.000 evra. Iðgjald vegna 4. ársfjórðungs er á gjalddaga þann 1. mars 2022 og er fært í rekstrarreikningi ársins 2021 og sem kröfur á aðildarfélög í efnahagsreikningi í árslok.

Iðgjöld aðildarfélaga greinast sem hér segir:

	2021	2020
Almennt iðgjald	1.679.919	1.800.997
Áhættuvegið iðgjald	400.092	327.076
Tekjufærð iðgjöld samtals	<u>2.080.011</u>	<u>2.128.073</u>

3. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast sem hér segir:

	2021	2020
Vaxtatekjur af verðbréfum	(13.199)	2.014.240
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.204	8.234
Gengismunur	(474.842)	1.571.476
Greiðslur frá slitabúum og matsbreyting krafna á slitabú	4.707	25.294
Fjármunatekjur samtals	<u>(480.130)</u>	<u>3.619.243</u>

4. Eftirlit og umsýsluþóknun

Kostnaður við eftirlit, ráðgjöf og umsýslu við verðbréfasafn greinist eftirfarandi:

	2021	2020
Umsýsluþóknun vörsluaðila	92.659	106.372
Eftirlit	12.946	12.425
Ráðgjöf	7.219	5.422
Gjaldfært samtals	<u>112.824</u>	<u>124.218</u>

5. Bankainnstæður

Bankainnstæður greinast þannig:

	2021	2020
Innstæður í Seðlabanka Íslands:		
Bankainnstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum	378.012	1.064.380
Bankainnstæður í Seðlabanka í erlendra mynt	10.891	11.561
Samtals í Seðlabanka Íslands	<u>388.903</u>	<u>1.075.941</u>

Skýringar, frh.:

5. Bankainnstæður, frh.	2021	2020
Aðrar innstæður:		
Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum í ISK	55.190	70.545
Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum í erlendri mynt	76.651	657.350
	<u>131.840</u>	<u>727.895</u>

6. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem er vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

7. Eignir í stýringu

Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildarinnar, Íslensk verðbréf hf., Kvika banki hf. og Íslandsbanki hf. Eignir í stýringu greinast þannig eftir fjármálafyrirtækjum og eignaflokkum:

	Íslensk ríkisskuldabréf	Erlend ríkis- skuldabréf	Önnur skuldabréf	Samtals verðbréf	Banka- innstæður	Samtals
Íslandsbanki - innlent	10.169.900	0	0	10.169.900	32.028	10.201.928
Íslensk verðbréf - innlent ...	10.189.049	0	0	10.189.049	20.789	10.209.838
Kvika banki - innlent	10.288.178	0	0	10.288.178	458	10.288.636
Kvika banki - erlent		7.788.258	0	7.788.258	7.013	7.795.271
Íslandsbanki - erlent		6.953.821	604.807	7.558.628	58.242	7.616.870
Samtals	<u>30.647.127</u>	<u>14.742.079</u>	<u>604.807</u>	<u>45.994.012</u>	<u>118.530</u>	<u>46.112.542</u>

Meðalávöxtun eigna árið 2021 var neikvæð um 1,31% að nafnverði og skiptist þannig eftir eignastýrendum:

	Ávöxtun ársins 2021	Ávöxtun ársins 2020
Samtals eignir í stýringu	-1,31%	8,16%
Íslandsbanki - innlent safn	0,13%	6,38%
Íslensk verðbréf hf. - innlent safn	-0,18%	6,32%
Kvika banki hf. - innlent safn	0,67%	6,01%
Kvika banki hf. - erlent safn	-4,11%	13,20%
Íslandsbanki hf. - erlent safn	-4,42%	12,05%

8. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2021	2020
Eigið fé 1.1	46.809.550	43.312.545
Tekjur umfram gjöld	1.272.572	4.697.005
Framlag til skilasjóðs	(1.200.000)	(1.200.000)
Eigið fé 31.12	<u>46.882.122</u>	<u>46.809.550</u>

Með gildistöku laga nr. 70/2020 þann 1. september 2020 var stofnuð ný deild innan TIF, sem nefnist skilasjóður. Stærð skilasjóðs verður að lágmarki 1% af tryggðum innstæðum. Árið 2020 var byrjað að safna fjármunum í sjóðinn, með framlagi úr innstæðudeild TIF að fjárhæð 1,2 milljarðar króna. Sama fjárhæð var færð frá innstæðudeild til skilasjóðs á árinu 2021.

9. Kröfur á hendur félögum sem tóku við eignum af þrotabúum fjármálafyrirtækja

Sjóðurinn á kröfur á hendur þeim félögum sem urðu til í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn stærstu viðskiptabanka og sparisjóða landsins á árinu 2008. Á árinu 2016 fékk sjóðurinn í sinn hlut skuldabréf og hlutabréf sem voru gefin út af félögum sem voru stofnuð í kjölfar nauðasamninga föllnu fjármálafyrirtækjanna. Kröfurnar eru færðar til eignar í efnahagsreikningi í samræmi við áætlaðar endurheimtur en greiðslur á árinu námu 6,8 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 2021

Verðbréfadeild

	Skýr.	2021	2020
Tekjur			
Iðgjöld aðildarfyrirtækja	2	1.120	1.402
Vaxtatekjur og verðbætur		<u>2.328</u>	<u>3.838</u>
		<u>3.449</u>	<u>5.240</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		222	236
Annar rekstrarkostnaður		137	183
Fjármagnstekjuskattur		<u>512</u>	<u>844</u>
		<u>871</u>	<u>1.263</u>
Tekjur umfram gjöld	4	<u><u>2.577</u></u>	<u><u>3.977</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Verðbréfadeild

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Bankainnstæður og verðbréf			
Krafa á innstæðudeild		32	0
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	3	298.288	296.159
		298.320	296.159
Eignir samtals		298.320	296.159
 Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skuld við innstæðudeild		0	410
Aðrar skuldir		8	15
		8	424
 Eigið fé			
Eigið fé	4	298.312	295.735
		298.312	295.735
Eigið fé og skuldir samtals		298.320	296.159

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

Verðbréfadeild

	Skýr.	2021	2020
Tekjur umfram gjöld		2.577	3.977
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(448)	560
Hækkun á handbæru fé		2.129	4.537
Handbært fé í ársbyrjun		<u>296.159</u>	<u>291.622</u>
Handbært fé í árslok	4	<u>298.288</u>	<u>296.159</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar, verðbréfadeildar og skilasjóðs hlutfallslega í samræmi við hreina eign hversrar deildar. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega. Þannig ber innstæðudeild að fullu þóknunir vegna eignastýringar og eftirlits með eignastýringu, enda eru eignir verðbréfadeildar og skilasjóðs ekki í stýringu.

2. Lögjöld aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 7. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999. Alls voru innheimtar 1.120 þús. kr.

3. Handbært fé

	2021	2020
Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum	298.288	296.159
	<u>298.288</u>	<u>296.159</u>

4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2021	2020
Eigið fé 1.1	295.735	291.758
Tekjur umfram gjöld	2.577	3.977
Eigið fé 31.12	<u>298.312</u>	<u>295.735</u>

Rekstrarreikningur ársins 2021

Skilasjóður

	Skýr.	2021	2020
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		<u>13.845</u>	<u>2.500</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		1.202	323
Annar rekstrarkostnaður		743	254
Fjármagnstekjuskattur		<u>3.046</u>	<u>550</u>
		<u>4.991</u>	<u>1.127</u>
Tekjur umfram gjöld	4	<u><u>8.854</u></u>	<u><u>1.373</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Skilasjóður

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður	3	2.410.078	1.201.950
Krafa á innstæðudeild		220	0
		<u>2.410.298</u>	<u>1.201.950</u>
	Eignir samtals	<u>2.410.298</u>	<u>1.201.950</u>
Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skuld við innstæðudeild		0	514
Aðrar skuldir		70	63
		<u>70</u>	<u>577</u>
Eigið fé			
Eigið fé	4	<u>2.410.227</u>	<u>1.201.373</u>
		<u>2.410.227</u>	<u>1.201.373</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>2.410.298</u>	<u>1.201.950</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

Skilasjóður

	Skýr.	2021	2020
Tekjur umfram gjöld		8.854	1.373
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(<u>726)</u>	<u>577</u>
Hækkun á handbæru fé		8.128	1.950
Handbært fé í ársbyrjun		1.201.950	0
Fært frá innstæðudeild		<u>1.200.000</u>	<u>1.200.000</u>
Handbært fé í árslok	4	<u>2.410.078</u>	<u>1.201.950</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar, verðbréfadeildar og skilasjóðs hlutfallslega í samræmi við hreina eign hversrar deildar. Hver deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega. Þannig ber innstæðudeild að fullu þóknanir vegna eignastýringar og eftirlits með eignastýringu, enda eru eignir verðbréfadeildar og skilasjóðs ekki í stýringu.

2. Um skilasjóð

Með gildistöku laga nr. 70/2020 þann 1. september 2020 var stofnuð ný deild innan TIF, sem nefnist skilasjóður. Stærð skilasjóðs verður að lágmarki 1% af tryggðum innstæðum. Árið 2020 var byrjað að safna fjármunum í sjóðinn, með framlagi úr innstæðudeild TIF að fjárhæð 1,2 milljarðar króna og var sama fjárhæð lögð til skilasjóðs á árinu 2021.

3. Handbært fé

	2021	2020
Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum	2.410.078	1.201.950
	<u>2.410.078</u>	<u>1.201.950</u>

4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2021	2020
Staða í ársbyrjun	1.201.373	0
Framlag frá innstæðudeild	1.200.000	1.200.000
Tekjur umfram gjöld	8.854	1.373
Eigið fé 31.12	<u>2.410.227</u>	<u>1.201.373</u>